

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 12. apríl 2013 kl. 10:00 í Aðalbyggingu

Mætt voru: Auður Hauksdóttir, Ármann Jakobsson, Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Hjalti Hugason, Guðni Elísson, Höskuldur Þráinsson, Kolfinna Jónatansdóttir, Róbert H. Haraldsson, Vilhjálmur Árnason og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð). Anna Agnarsdóttir, Irma Erlingsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir boðuðu forföll.

Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Fundargerð hafði þegar verið samþykkt í pósti. Engar nýjar athugasemdir bárust.

2. *Umsóknir og úthlutun Rannsóknasjóðs Hugvísindastofnunar*: Alls bárust níu umsóknir um styrki upp á samtals 1.184.000 kr. ESS gerði grein fyrir umsóknunum. Allar styrkumsóknir voru samþykktar einróma.

3. *Útgáfustyrkir*: Á síðasta fundi var ESS og AE falið að gera drög að viðmiðunarreglum vegna styrkja til að greiða fyrir útgáfu greina í tímaritum eða ritgerðasöfnum, þar sem krafist er greiðslu fyrir birtingar. ESS gerði tillögu að því að Rannsóknasjóður tæki þetta að sér og að þessir styrkir bættust við í lið 4 („styrkir til útgáfu á vegum stofnana“). Umræða spannst m.a. um hvort ætti að miða við greinar sem gefa 15 stig að lágmarki í stigamati HÍ, hvort ætti að binda við útlenda útgáfu og um stigaviðmiðin almennt. ESS og AE var falið að gera endanlega tillögu á grunni umræðunnar.

4. *Önnur mál*: Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 10:35

Viðhengi 1: Úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði.

Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar: Umsóknir 2013-1						
Umsækjandi	Fl.	Lýsing	Sótt	Tillaga	Athugasemdir og skýringar	Niðurstaða.
B&L-1	1	Alþjóðlegt málþing: <i>Að heiman og heim</i>	193.000	193.000	Þegar búið er að styrkja um 107.000 kr. hjá SVF (2012-2). Endanleg upphæð háð kostnaði.	Samþykkt.
B&L-2	1	Vísindamiðlun	300.000	300.000	Alþjóðleg ráðstefna skv. drögum að dagskrá. Endanleg upphæð háð kostnaði.	Samþykkt.
B&L-5(SR)	5	Vegna útgáfu í <i>Oxford Handbook Series</i>	40.000	40.000	Birting ætti að gefa 20 stig.	Samþykkt.
GTS-1	3	Mark Taylor, fyrirlestur og málþing í maí	100.000	100.000	Uppfyllir kröfur.	Samþykkt.
HSP-1	3	James Warren	86.000	86.000	Uppfyllir kröfur.	Samþykkt.
HSP-2	1	"Kierkegaard's Philosophical Psychology". Alþjóðleg ráðstefna í maí.	300.000	300.000	Uppfyllir kröfu um alþjóðlega ráðstefnu. Tillaga miðar við hámarksstyrk en veltur á raunverulegum húsnæðiskostnaði.	Samþykkt.
MVS-1	2	Rask ráðstefna 2013	25.000	25.000	Uppfyllir kröfur um innlend málþing.	Samþykkt.
SÍÐ-1	3	Peter Niesen vegna ráðstefnu, málþings og fleira	100.000	100.000	Uppfyllir kröfur.	Samþykkt.
SVF-1(SR)	6	Þýðing greinar yfir á íslensku til birtingar í <i>Ritinu</i>	40.000	40.000	Ritið gefur 15 stig og íslenska er ekki móðurmál höfundar.	Samþykkt.
Samtals			1.184.000	1.184.000		